



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 9. september 2020 varðandi eftirfarandi mál.

Grafarlækur-Stekkjarmóar-Djúpidalur

Lögð fram umsókn T.ark Arkitekta ehf. dags. 15. júní 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Grafarlækjar-Stekkjarmóa-Djúpadals. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit e3 í suðurátt til að rúma verkstæði og vélageymslu ásamt aukningu á byggingarmagni, samkvæmt uppdr. T.ark Arkitekta ehf. dags. 12. júní 2020.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Lögð fram umsókn T.ark Arkitekta ehf. dags. 15. júní 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Grafarlækjar-Stekkjarmóa-Djúpadals. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit e3 í suðurátt til að rúma verkstæði og vélageymslu ásamt aukningu á byggingarmagni. Umsóknin er um mjög aukið byggingarmagn. Áhrif á umhverfis verða talsverð. Tyrfa skal jaðra verkstæðis og vélageymslu með lyngþökum eða sambærilegum þökum í samræmi við núverandi gróður í næsta nágrenni til að hús falli betur inn í landslagið og sé minna sýnilegt frá golfvelli. Það er mat fulltrúa Flokks fólksins að talsvert mikil hjartsýni er að halda því fram að lyngþökur séu lausn á útlits-umhverfisvandamáli. Slikur gróður þarf mikla umönnun ef hann á að haldast. Varla er hægt að réttlæta mikið byggingarmagn með þessum rökum einum.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: uppdr. T.ark Arkitekta ehf. dags. 12. júní 2020.

GRAFARLÆKUR-STEKKJARMÓAR-DJÚPIDALUR BREYTING Á DEILISKIPULAGI, STGR 4.14



Núverandi samþykkt deiliskipulag.
samþykkt af skipulagsfulltrúa þann 12.12.2003
Mkv. 1:2000



Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Grafarholt-Stekkjarmóar-Djúpidalur
Mkv. 1:2000


NÚVERANDI DEILISKIPULAG

e3 Greinargerð:

Tillaga að breytingu á deiliskipulaginu er breyting á byggingarmagni á byggingareit "e3" úr 800 m² í 2000 m² og mesta hæð byggingar úr 7,0 m í 8,5 m frá neðstu gólfplötu

Skilmálar:

Byggingareitur fyrir golfæfingaskýli og þjónustubyggingu 10.150 m².
Hæð bygginga skal mest vera 8,5 m frá neðstu gólfplötu.
Hámarks byggingarmagn 2000 m².



Skýringarmynd
Mkv. 1:100

TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI

e3 Greinargerð


Inngangur:

Tillagan gerir ráð fyrir stækkun og aukins byggingarmagns á byggingareit e3. Stækkun reitsins er í suðurátt frá núverandi reit og mun rúma verkstæði og vélageymslu GR. Aðgengi að verkstæði og vélageymslu er annarsvegar frá núverandi bílastæðum og hinsvegar eftir stigum og öðrum slóðum innan athafnasvæðis GR. Gert er ráð fyrir að verkstæði og vélageymsla muni falla að vel inn í landið og gengið verði frá jöðrum með lynnþökum til að fella svæðið að núverandi gróðri og landi.


Skilmálar:

Byggingareitur fyrir golfæfingaskýli, þjónustubyggingu, verkstæði og vélageymslu verður 12.000 m². Hæð golfæfingaskýlis og þjónustubyggingu skal mest vera 11,0 m frá lágsta gólfkóta. Hæð verkstæðis og vélageymslu skal mest vera 8,0 m frá lágsta gólfkóta. Tyrfa skal jaðra verkstæðis og vélageymslu með lynnþökum eða sambærilegum þökum í samræmi við núverandi gróður í næsta nágrenni til að hús falli betur inn í landslagið og sé minna sýnilegt frá gólfvelli. Fjöldi bílastæði sem skulu þjónusta gesti Bása eru 85. Fjöldi bílastæða fyrir starfsmenn sunnan við verkstæði og vélageymslu eru 15. Þegar kemur að endurnýjun útlýsingar Bása skal tillaga lögð fyrir skipulagssvið Reykjavíkurborgar til samþykkis.


Hámarks byggingarmagn er alls 3700 m². (A og B rými)




Skýringarmynd snið a-a
Mkv. 1:100



Skýringarmynd snið b-b
Mkv. 1:200




Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030



Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

Skýringar:



Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í á þann 20.

Tillagan var grenndarkynnt frá 20 með athugasemdafresti til 20.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 20.



VERKHETTI

Breyting á deiliskipulagi. Stgr. 4.1

VERK

Tillaga og skýringarmyndir

MÁL: 1:2000, 1:200, 1:100 / A1
DAGS: 12.06.2020
HAFNAÐ: ÁÁ
TEKNAÐ: BÞ

ARID: ISC

VERKINGMER: 491-05

FL. 04

TERKINGANAMER: 1.1-01

GTC

SAMB: